

Borgarráð

Skil á skýrslu starfshóps um framtíðar skipulag og framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats

Stýrihópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun samþykkti á fundi sínum þann 22. janúar 2021 að stofnaður yrði starfshópur sem hefði það hlutverk að yfirfara og endurskipuleggja verklag og framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats. Starfshópurinn starfaði á tímabilinu 1. mars til 31. maí 2021. Á fundi stýrihóps KFS þann 15. júní 2021 var farið yfir tillögur starfshópsins og ákveðið að gefa fag- og kjarnasviðum borgarinnar tækifæri til að rýna skýrsluna. Þann 23. júní 2021 var sviðsstjórum Reykjavíkurborgar send skýrslan og gefinn kostur á að rýna hana og koma með athugasemdir. Frestur til að skila inn umsögn var til 6. ágúst. Þrjú svið skiluðu inn athugasemdum í tölvupósti til verkefnastýru kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.

Stýrihópur kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hefur farið yfir athugasemdirnar og tekið eftirfarandi afstöðu:

- Stýrihópur kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar gerir fyrirvara við athugasemd þjónustu- og nýsköpunarsviðs vegna tillögu 1 (rafvæðing jafnréttisskimunar). Athugasemd þjónustu- og nýsköpunarsviðs felur í sér að útfærsla tillögunnar fari í gegnum skilgreint þróunar- og framleiðsluferli hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði. Samkvæmt kostnaðarmati starfshóps um framtíðar skipulag og framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats felur tillagan ekki í sér auka kostnað. Ef formlegt ferli um útfærslu tillögunnar hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði leiðir af sér verulegan kostnað fyrir verkefnið er útfærsla sú sem starfshópurinn leggur til því æskilegri.

Starfshópurinn hefur lokið störfum og kynnt skýrsluna fyrir stýrihóp kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Stýrihópurinn leggur til að allar tillögur starfshópsins séu samþykktar. Í viðauka 5 eru settar tvær tillögur um feril jafnréttismats og leggur stýrihópurinn til að Tillaga B (bls 57, jafnréttismat kemur eftir að skimuð tillaga fer fyrir fagráð, áður en tillagan fer fyrir borgarráð) verði fyrir valinu.

Meðfylgjandi er skýrsla starfshóps og óskað er eftir að borgarráð samþykki tillögurnar sem starfshópurinn leggur til í skýrslu sinni.

Kveðja,

Sigríður Finnbogadóttir

Hjálagt:

Skýrsla starfshóps um framtíðar skipulag og framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats
Erindisbréf starfshóps um framtíðar skipulag og framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats
Athugasemdir sem bárust vegna skýrslu starfshóps um framtíðar skipulag og framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats



R210200174

Skýrsla

starfshóps um framtíðar skipulag og framkvæmd
jafnréttisskimunar og jafnréttismats

Maí 2021



Reykjavíkurborg

Inngangur

Stýrihópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun samþykkti á fundi sínum þann 22. janúar 2021 að stofnaður yrði starfshópur sem hefði það hlutverk að yfirfara og endurskipuleggja verklag og framkvæmd jafnréttisskímunar og jafnréttismats.

Erindisbréf var sent á skrifstofu borgarstjórnar og þau svið sem áttu að eiga fulltrúa í hópnum þann 1. febrúar 2021 þar sem gefinn var frestur til 11. febrúar til að senda tilnefningar til verkefnastýru kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar sem leiðir starf hópsins.

Helstu verkefni starfshópsins voru eftirfarandi:

- Greina/rýna verklag við framkvæmd jafnréttisskímunar og jafnréttismats
- Skýra hlutverk jafnréttisskímana og jafnréttismats fyrir gerð fjárhagsáætlunar
- Útfæra tillögur að framtíðarskipulagi og ábyrgð við framkvæmd jafnréttisskímana og jafnréttismats
- Gera tillögur að fyrirkomulagi að samræmdri miðlægri hýsingu gagna og skjala tengdum KFS
- Yfirfara og gera breytingar er við á, á sniðmáti og leiðbeiningum um framkvæmd jafnréttisskímunar og jafnréttismats

Starfshópurinn skipuðu eftirtalin:

- Sigríður Finnbogadóttir, verkefnastýra KFS á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu
- Bjarni Þóroddsson, fulltrúi skrifstofu borgarstjórnar
- Hildur Lilliendahl Viggósdóttir, fulltrúi skrifstofu borgarstjórnar
- Hlynur Hallgrímsson, fulltrúi gagnþjónustu þjónustu- og nýsköpunarsviðs
- Anna Karen Arnarsdóttir, fulltrúi áætlana og uppgjörsskrifstofu á fjármála- og áhættustýringarsviði
- Steinunn Rögnvaldsdóttir, fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs
- Bryndís Eva Sverrisdóttir, fulltrúi velferðarsviðs

Starfshópurinn starfaði á tímabilinu 1. mars til 31. maí 2021. Hópurinn hélt alls ellefu fundi. Vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar voru allir fundir starfshópsins haldnir gegnum fjarfundarbúnað.

Hópurinn hafði samráð við starfshópa KFS á fag- og kjarnasviðum sem og fulltrúa eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Á fundi stýrihóps KFS þann 13. apríl 2021 fór verkefnastýra jafnframt yfir stöðuna á verkefnum starfshópsins.

Starfshópurinn hafði til hliðsjónar við vinnu sína ýmsar verklagsreglur, eyðublöð, leiðbeiningar og önnur skjöl sem eru í gildi og tengjast vinnslu jafnréttisskímana og jafnréttismats. Hluti af verkefnum starfshópsins var að rýna þessi skjöl. Þá voru teknar saman upplýsingar um framkvæmd jafnréttisskímana og jafnréttismats á tímabilinu 2018-2020 ásamt því að horft var til niðurstaðna meistararitgerðar Hrefnu Hallgrímsdóttur (2019) sem fjallaði um jafnréttismat á viðaukum við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2015-2019. Hópurinn vann drög að leiðbeiningum með jafnréttisskímunum annars vegar og jafnréttismötum hins vegar ásamt því að vinna drög að samræmdu sniðmáti fyrir jafnréttismöt og rafrænu eyðublaði fyrir jafnréttisskímanir.

Tillögur starfshópsins afmarkast af hlutverki hans og þeim verkefnum sem hópnum var falið. Ekki er um heildarendurskoðun á framkvæmd KFS að ræða, en verkefnið snertir þó stóran hluta af framkvæmd KFS hjá borginni og hefur því mikla tengingu við heildarferil KFS.

Samantekt – helstu tillögur

Starfshópurinn leggur til að farið verði í eftirfarandi aðgerðir til þess að stuðla að áhrifaríkri framkvæmd jafnréttisskimana og jafnréttismats, auka yfirsýn, stuðla að því að niðurstöður jafnréttisskimana/-mata séu höfð til hliðsjónar við ákvarðanatöku og skerpa á ábyrgð og eignarhaldi hinna ýmsu aðila innan stjórnsýslunnar. Þá er í niðurlagi skýrslu þessarar að finna ályktanir starfshópsins sem tengjast framkvæmd KFS í heild sinni án þess að afmarkast beint við jafnréttisskimanir og jafnréttismöt.

Nr.	Flokkur	Tillaga	Ábyrgð
1	Rafvæðing jafnréttisskimanar	Eyðublað jafnréttisskimanar verði rafvætt Upplýsingar um framkvæmd jafnréttisskimana sniðnar inn í Agresso Reit bætt í Excel skjal fjárfestingaráætlunar þar sem niðurstaða jafnréttisskimanar er flokkuð svk. ákveðnum valmöguleikum	Verkefnastýra KFS Áætlana og uppgjörsskrifstofa FÁST Eignaskrifstofa FÁST
2	Leiðbeiningar og fræðsla	Uppfærðar leiðbeiningar með jafnréttisskiman og jafnréttismati Útbúin verði verkfærakista á Fróða sem starfsfólk getur leitað í	Verkefnastýra KFS Verkefnastýra KFS
3	Sniðmát fyrir jafnréttisskimanir	Útbúið verði sniðmát fyrir jafnréttisskimanir	Verkefnastýra KFS
4	Undanþágulistar	Ákveðin atriði séu undanþegin jafnréttisskimunum	Stýrihópur KFS
5	Eftirlit og endurgjöf	Kveðið sé á um að jafnréttisskimanir eigi að fylgja málum þegar þau fara fyrir borgarráð. Skrifstofa borgarstjórnar sér til þess að verklaginu sé fylgt, með því að kalla eftir skimunum þegar þær fylgja ekki með málum. Eignaskrifstofu á fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að útfæra eftirlit með að jafnréttisskimanir fylgi fjárfestingartillögum sviða, ásamt því að eignaskrifstofa skili árlega til verkefnastjóra KFS greinargerð um framkvæmd og niðurstöðu skimana á samþykktum fjárfestingartillögum og viðaukum við fjárfestingaáætlun. Áætlana- og uppgjörsskrifstofu á fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að útfæra eftirlit með að jafnréttisskimanir fylgi með rýningu á skuldbindingum og mati á helstu áhættum í rekstri sviða og viðaukum við fjárhagsáætlun. Verkefnastjóri KFS fer árlega yfir allar skimanir og jafnréttismöt og rýnir þá í innihald skimana frá hverju sviði. Í kjölfarið er svo fundur með hverjum KFS starfshóp sviðanna þar sem veitt er endurgjöf um hvað er vel gert og hvað mætti gera betur	Skrifstofa borgarstjórnar Eignaskrifstofa FÁST Áætlana og uppgjörsskrifstofa FÁST Verkefnastýra KFS
6	Ábyrgð og verkaskipting	Starfshópurinn leggur til að skjalfesta ákveðna ábyrgð og verkaskiptingu Verkefnastýra KFS flytji ótímabundið á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Til að styrkja framkvæmd KFS innan skrifstofa ráðhúss er lagt til að skrifstofur ráðhúss sameinist um að stofna starfshóp líkt og er á hverju fag- og kjarnasviði.	Stýrihópur KFS Sviðsstjóri FÁST Stýrihópur KFS
7	Miðlægt svæði KFS	KFS fái sér svæði inná Fróða þar sem allar leiðbeiningar, eyðublað, sniðmát, fræðsla, ferlar, ársskýrsla, handbók, upplýsingar um stýrihóp og starfshópa, verkefnastýru og aðgangur að rafvæddum jafnréttisskimunum er á einum stað aðgengilegt fyrir starfsfólk	Verkefnastýra KFS
8	Ferlar	FÁST og verkefnastýra KFS hafi umsjón með og uppfæri reglulega alla ferla í samræmi við breytt KFS verklag Ferill jafnréttisskimanar og jafnréttismat verði teiknaður upp með skýrum hætti Tækifæri eru til að skrifa verkferli og markmið KFS betur inn í reglur um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborgar og fjármálastefnu	Áætlana og uppgjörsskrifstofa FÁST og verkefnastýra KFS Verkefnastýra KFS Stýrihópur KFS

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Samantekt – helstu tillögur	2
Efnisyfirlit.....	3
Núverandi fyrirkomulag.....	4
Framkvæmd jafnréttisskimana tímabilið 2018-2020	6
Framkvæmd jafnréttismats tímabilið 2018-2020.....	7
Upplifun starfshópa KFS á fagsviðum	8
Umræða.....	9
Tillaga að framtíðar skipulagi	10
Tillaga 1. Rafvæðing jafnréttisskimunar	10
Tillaga 2. Leiðbeiningar og fræðsla	11
Tillaga 3. Sniðmát fyrir jafnréttismat.....	11
Tillaga 4. Undanþágulistar	11
Tillaga 5. Eftirlit og endurgjöf	12
Tillaga 6. Ábyrgð og verkaskipting	12
Tillaga 7. Miðlægt svæði KFS á Fróða	15
Tillaga 8. Ferlar	15
Kostnaðarmat tillagna	16
Niðurlag	16
Viðaukar/Fylgiskjöl	17
Viðauki 1. Rafrænt eyðublað jafnréttisskimunar	17
Viðauki 2. Leiðbeiningar með jafnréttisskimun.....	18
Viðauki 3. Leiðbeiningar með jafnréttismati	32
Viðauki 4. Sniðmát fyrir jafnréttismat	47
Viðauki 5. Ferill jafnréttisskimunar og jafnréttismats	56

Núverandi fyrirkomulag

Framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats er hluti af verklagi við kynjaða fjárhags- og starfsáætlunargerð (KFS) sem Reykjavíkurborg hóf innleiðingu á árið 2011. KFS tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.

Verklag við framkvæmd KFS hefur verið í stöðugri þróun síðan árið 2015 þegar reglur um gerð fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg voru samþykktar (FMS-STE-001). Samkvæmt reglum um gerð fjárhagsáætlunar skal greina greina jafnréttisáhrif m.t.t. mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar á tillögum sem lagðar eru fram um breytingar á samþykktri fjárhagsáætlun, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar fjárheimilda. Jafnréttisskimun var tekin upp árið 2018 þar sem það þótti of íþyngjandi fyrir starfsfólk borgarinnar að vinna jafnréttismöt, sem eru mun dýpri efnislega og krefjast meiri vinnu, á þeim mikla fjölda tillagna sem á endanum eru svo ekki samþykktar. Með jafnréttisskimun er tekin saman með einföldum hætti áhrif tillögunnar á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsettra hópa.

Regluverk Reykjavíkurborgar varðandi kynjaða fjárhags- og starfsáætlanagerð er nokkuð víðfemt enda nær verkefnið þvert á borgina. Hér má sjá stiklað á stóru hvernig framkvæmdin er skrifuð inn í helstu verkferla borgarinnar, bæði hvað varðar fjármálastjórn og jafnréttisstarf. Í stuttu máli má segja að búið sé að skrifa verklag KFS inn í hin ýmsu skjöl, en ber þess þó keim að hafa verið bætt í eftir á.

Reglur um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg (FMS-STE-001):

- Fjárhagsáætlanagerð skal byggð á aðferðafræði kynjaðrar fjárhagsáætlunargerðar með það að markmiði að þessari aðferðafræði verði beitt heildstætt við undirbúning fjárhagsáætlunar 2019.
- Komi til þess innan fjárhagsársins að nauðsynlegt þykir að gera breytingu á fjárhagsáætlun hvort sem er til hækkunar eða lækkunar fjárheimilda s.s. vegna ófyrirséðra aðstæðna eða nýrra verkefna þá skal slíkri tillögu (viðauka) fylgja greinargerð sem m.a. varpar ljósi á áhrif tillögunnar á kynin og þá hópa sem mannréttindastefna borgarinnar tekur til. Í greiningunni skal huga bæði að hagsmunum notenda þjónustu og þeirra sem veita hana nema í þeim undantekninga tilvikum þar sem slíkt mat á ekki við.

Verklagsregla um fjárhagsáætlun (FMS-VLR-018):

- Nýjasta útgáfan virðist vera frá 2012 og þar er ekki minnst á KFS

Verklagsregla um viðauka við fjárhagsáætlun (FMS-VLR-086):

- **4.3 Jafnréttismat:** Fagsvið gerir jafnréttismat samkvæmt leiðbeiningum og gátlista.
- **4.4 Endurskoðuð hugmynd að nýju eða breyttu verkefni:** Fagsvið útfærir tillögu sem lýsir verkefninu efnislega. Tillögunni fylgi kostnaðar- og [jafnréttismat](#).
- **4.5 Tillaga send FMS til umsagnar:** Fagsvið sendir FMS niðurstöður jafnréttismats ásamt öðrum gögnum tillögunnar
- **4.6 Umsögn FMS útfærð og lögð fram:** FMS gerir umsögn um jafnréttismat og skilar til sviðsins
- **4.9 Beiðni um viðauka útfærð:** ... Fram komi upplýsingar um hvaða gögn fylgja tillögunni, hvort jafnréttismat og umsögn FMS liggi fyrir

Verklagsregla um undirbúning fjárhagsáætlunar (FMS-VLR-044):

- **4.5 Fagsviðum falið að hefja vinnu við fjárhagsáætlun:** Svið og fagrað hefja vinnu við að rýna og leggja mat á a.m.k. einn þjónustubátt út frá aðferðafræði KFS
- **4.10 Skapalón fyrir jafnréttismat sent fagsviðum:** FMS fer yfir og uppfærir skapalón til útfyllingar fyrir svið á áherslum og forgangsöröðun, og sendir fagsviðum.
- **4.15 Skuldbindingum og tækifærum, áherslum og forgangsöröðun, greinargerð og jafnréttismati skilað til FMS:** Sviðsstjórar skila til fjármálaskrifstofu ... [jafnréttismati](#) vegna nýrra verkefna

Verklagsregla um fjárfestingaráætlun (FMS-VLR-048):

- **September-janúar, 4.2. Greining á fjárfestingarþörfum og jafnréttisskimun þeirra:** Fagsvið fara yfir fimm ára áætlun sviðsins og greina m.t.t. fyrirbyggjandi þarfa. Unnin verði greingargerð með jafnréttisskimun fyrir tillögum vegna verkefna sem ekki eru hafin. Jafnréttisskimun unnin í samráði við starfshóp fagsviðs um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun.
- **Febrúar, 4.4. Fagsvið skila áherslum sínum, greingargerðum og jafnréttisskimun vegna verkefna sem ekki eru hafin til SEA¹.**
- **Febrúar, 4.6. Fundur með fagsviðum:** Fagsvið fara yfir fjárfestingarþarfir sviðsins. Fundinn situr m.a. fulltrúi fagsviðs í ráðgjafahóp² um kynjaða fjárhags- og starfsáætlunir.
- **Apríl, 4.12. Heildstæð forgangsöröðun á tillögum:** Borgarstjóri forgangsraðar tillögum heildstætt. Tekið er mið af niðurstöðum jafnréttisskimanar. Borgarstjóri kallar eftir jafnréttismati vegna nýrra verkefna.
- **Apríl-Maí, 4.13. Jafnréttismat framkvæmt.** Fagsvið vinna jafnréttismat vegna nýrra verkefna og skila til SEA. Jafnréttismat unnið í samráði við fulltrúa fagsviðs í ráðgjafahóp² um KFS. Samráð við verkefnisstýru KFS.
- **Maí, 4.14. Yfirferð á fyrstu drögum að fjárfestingaráætlun með fagsviðum:** Borgarstjóri ásamt fjármálahópi fundar með fagsviðum og fer yfir fyrstu drög að fjárfestingaráætlun fyrir sviðið. Fagsvið kynna niðurstöður jafnréttismats með tillögum um mótvægisáðgerðir ef við á.

Verklagsregla um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun (FMS-VLR-087):

- Verklagsreglan byggir á eldra verkferli þar sem áherslan er á greiningu þjónustubátta og kemur ekki inn á framkvæmd jafnréttisskimana og jafnréttismats³.

Aðgerðaáætlun í mannréttinda- og lýðræðismálum 2019-2022:

- **Jafnrétti kynja** - Markmið að tengja saman mannréttindastefnu og fjárhags- og starfsáætlanagerð. Aðgerðir 23, 24 og 25 snúa að framkvæmd KFS.

Tíma- og verkáætlun fjárhagsáætlunar:

- **Febrúar:** Sviðum og fagraðum falið að gera áætlun um greiningar, framkvæmd og eftirlit vegna kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.
- **Febrúar:** FÁST hefur vinnu við fjárfestingaráætlun í samræmi við verklagsreglur. Í því felst m.a. greining á fjárfestingarþörfum og jafnréttisskimun þeirra.

¹ Skrifstofa Eigna og atvinnuþróunar (SEA). Vegna skipulagsbreytinga heitir skrifstofan nú Eignaskrifstofa Reykjavíkurborgar.

² Ráðgjafahópur KFS hefur ekki verið stofnaður. Starfshópur leggur til að þetta verði uppfært í fulltrúa starfshóps KFS á sviðinu og/eða verkefnastýru KFS.

³ Þarf að uppfæra í samræmi við núverandi verklag.

- **Mars:** Sviðsstjórar kynna fyrir fagraðum áætlun sviðsins um greiningar, framkvæmd og eftirlit kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Fagrað staðfestir áætlun sviðsins.
- **Apríl:** Sviðsstjórar skila sundurliðaðri áætlun um greiningar, framkvæmd og eftirlit vegna kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.

Fjármálastefna Reykjavíkurborgar:

- Minnst ekki á kynjaða fjárhags- og starfsáætlun, né jafnrétti eða jöfnuð. Minnst er á samfélagslega innviði og félagslega sjálfbærni.

Handbók um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun (FMS-LBE-157):

- Handbókin er gefin út árið 2014 og tekur því ekki mið af verklaginu eins og það er í dag. Í handbókinni er áhersla á greiningu þjónustupátta.

Framkvæmd jafnréttisskimana og jafnréttismats taka einnig mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafna rétt kynjanna, lögum um stjórnsýslu jafnréttismála og evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum.

Framkvæmd jafnréttisskimana tímabilið 2018-2020

Árið 2015 samþykkti borgarráð reglur um gerð fjárhagsáætlunar þar sem kemur fram að:

„Komi til þess innan fjárhagsársins að nauðsynlegt þykir að gera breytingu á fjárhagsáætlun hvort sem er til hækkunar eða lækkunar fjárheimilda s.s. vegna ófyrirséðra aðstæðna eða nýrra verkefna þá skal slíkri tillögu (viðauka) fylgja greinargerð sem m.a. varpar ljósi á áhrif tillögunnar á kynin og þá hópa sem mannréttindastefna borgarinnar tekur til. Í greiningunni skal huga bæði að hagsmunum notenda þjónustu og þeirra sem veita hana nema í þeim undantekninga tilvikum þar sem slíkt mat á ekki við.“

Í kjölfarið var innleitt jafnréttismat á öllum tillögum (viðaukum og tillögum í skuldbindingar og áhættur). Starfsfólk borgarinnar fannst of tímafrekt og mikil vinna að gera jafnréttismat á öllum tillögum, sér í lagi þar sem margar tillaganna eru á endanum ekki samþykktar og koma því ekki til framkvæmdar. Því var ákveðið að fara þessa tvískiptu leið þar sem tillögur hljóta fyrst jafnréttisskimun og séu þær samþykktar er gert ráð fyrir að þær séu jafnréttismetnar.

Í júlí 2018 var tekið í notkun nýtt eyðublað vegna jafnréttisskimunar (FMS-EBL-029). Engar jafnréttisskimanir voru unnar vegna viðauka við samþykktu fjárhagsáætlun árið 2018, þrátt fyrir að reglur Reykjavíkurborgar um gerð fjárhagsáætlunar kvæðu á um það. Breytingar á samþykktu fjárhagsáætlun árið 2018 námu samtals 3.419 m.kr. Árið 2019 voru gerðir 65 viðaukar við gildandi fjárhagsáætlun og hlutu sex þeirra jafnréttisskimun. Breytingar námu samtals 2.957 m.kr. Árið 2020 voru gerðir 164 viðaukar við samþykktu fjárhagsáætlun sem námu alls 8.574 m.kr. Framkvæmdar voru skimanir á 18 af þessum viðaukum.

Í töflu 1 má sjá fjölda skimana sem framkvæmdar voru á samþykktum viðaukum árin 2018-2020 ásamt því hversu hátt hlutfall af heildarupphæð samþykktu viðauka var skimað. Vert er að nefna að mögulegt er að einhverjir þessara viðauka megi teljast undanskildir skimunum. Fyrir árið 2020 má t.d. telja að 33 af 164 viðaukum hefði átt að skima, en það ár voru 18 viðaukar skimaðir.

Tafla 1. Hlutfall heildarfjárhæðar samþykkttra viðauka sem hlaut skimun og fjöldi samþykkttra viðauka sem voru skimaðir tímabilið 2018-2020.⁴

Svið	2018		2019		2020	
	(%)	(n)	(%)	(n)	(%)	(n)
ÍTR	0%	0	10%	2	24%	2
MOF	0%	0	5%	1	50%	5
MOS	n/a	n/a	n/a	0	0%	0
SFS	0%	0	1%	1	2%	3
USK	0%	0	0%	0	47%	2
VEL	0%	0	0%	0	3%	4
ÞON	n/a	n/a	n/a	n/a	6%	2
RHUS	0%	0	4%	1	n/a	n/a
Samtals	0%	0	2%	5	9%	18

Samkvæmt verklagi KFS á einnig að jafnréttisskima öll ný verkefni og tillögur vegna undirbúnings á fjárfestingaráætlun og fjárhagsáætlun, en það verklag var innleitt árið 2018. Ekki liggur fyrir hversu stórt hlutfall nýrra fjárfestingarverkefna hafa hlotið skimun á tímabilinu en þó nokkur fjöldi skimana hefur verið framkvæmdur á tillögum að fjárfestingarverkefnum. Sama á við um ný verkefni og tillögur vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar. Á árinu 2020 fylgdu t.d. fjöldi skimana með skilum sviða á rýningu á skuldbindingum og áhættum og var um 50% af upphæð viðbóta við við upprunalega áætlun sem höfðu verið jafnréttisskimuð. Þá voru 52 verkefni og tillögur skimuð vegna undirbúnings á fjárfestingaráætlun það árið. Heildarfjöldi jafnréttisskimana sem voru framkvæmdar árið 2020 var a.m.k. 138⁵.

Framkvæmd jafnréttismats tímabilið 2018-2020

Samkvæmt niðurstöðum Hrefnu Hallgrímsdóttur (2019) voru framkvæmd 40 jafnréttismöt vegna viðaukatillagna árið 2015, árið 2016 var eitt slíkt framkvæmd og árið 2017 virðist sem ekkert jafnréttismat hafi verið framkvæmd vegna viðaukatillagna.

Tilgangur jafnréttisskimana á m.a. að vera að leggja mat á hvort þörf sé á dýpra jafnréttismati á tillögunni, verði hún samþykkt. Síðan verklagið um jafnréttisskimun sem fyrirfara jafnréttismats var tekið upp árið 2018 hafa verið framkvæmd afar fá jafnréttismöt. Árið 2018 voru gefnar út nýjar leiðbeiningar vegna gerð jafnréttismats (FMS-LBE-156). Engin jafnréttismöt voru unnin árið 2018 vegna nýrra verkefna við undirbúning fjárfestingaáætlunar og fjárhagsáætlunar 2019. Tvö jafnréttismöt voru framkvæmd árið 2020, annars vegar vegna breytingu á opnunartíma leikskóla og hins vegar á fyrstu aðgerðum borgarráðs til viðspyrnu vegna Covid-19. Skýrsluhöfundum er ekki kunnugt um að fleiri jafnréttismöt hafi verið unnin á tímabilinu 2018-2020.

Samkvæmt niðurstöðum Vöku Antonsdóttur (2018)⁶ þá er ýmislegt sem bendir til þess að vægi jafnréttismats hafi verið lítið þegar kemur að ákvarðanatöku um útdeilingu fjármagns. Niðurstöður

⁴ Hér er aðeins horf á samþykkttra viðauka, en gera má ráð fyrir að ýmsar tillögur sem ekki voru samþykktar hafi hlotið skimun í samræmi við verklagið.

⁵ Heildarfjöldi skimana sem var skilað til verkefnastýru KFS fyrir árið 2020. Einhver jafnréttismöt gætu legið á milli hluta, t.d. vegna viðauka sem ekki voru samþykktir, og því ber að taka þessari tölu með örlitlum fyrirvara.

⁶ Vaka Antonsdóttir. (2017). Innleiðing kynjaðrar fjárhagsáætlunargerðar hjá Reykjavíkurborg. Framkvæmd og staða verkefnisins (Meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.

meistararitgerðar Hrefnu Hallgrímsdóttur (2019)⁷, sem fjallaði um stöðu á framkvæmd jafnréttismats hjá Reykjavíkurborg, benda til þess að jafnréttismat hafi ekki verið framkvæmt að neinu marki frá árinu 2015. Þá sé óljóst að hve miklu leiti niðurstöður jafnréttisskimana og jafnréttismat hafi áhrif þegar kemur að pólitískri ákvarðanatöku. Samkvæmt Angelu O'Hagan (2018)⁸ skiptir pólitískur vilji og skuldbinding miklu máli þegar kemur að framkvæmd kynjaðrar fjárhagsáætlanagerðar. Það er því mikilvægt að stjórnmalafólk séu virkir aðilar í framkvæmdinni, sér í lagi þegar kemur að því iðkunin skili sér alla leið í ákvarðanatökuna.

Upplifun starfshópa KFS á fagsviðum

Starfshópurinn hafði samráð við starfshópa KFS á fagsviðum við vinnu sína. Haldnir voru fundir með starfshópunum þar sem þau fengu tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum að. Helstu niðurstöður þessa samráðs má sjá hér fyrir neðan:

Jákvætt

- Eyðublað jafnréttisskimunar er einfalt og skýrt
- Mjög jákvætt að taka þennan vinkil með í jöfnuna
- Vinnulagið er að festast betur í sessi, komast í rútnu
- Gengur almennt vel að skila skimunum
- Þægilegra að skima þegar þetta eru svona mörg verkefni fremur en að jafnréttismeta

Áskoranir

- Óljóst hvaða vægi skimunin hefur við ákvarðanatöku
 - Starfsfólk þarf að sjá tilgang með vinnu sinni, að þetta hafi áhrif. Annars finnst fólki þetta bara vera auka handavinna. Vinnan þarf að skipta raunverulegu máli og hafa áhrif á forgangs röðun verkefna og ákvarðanatöku
- Skimun oft gerð í lokin, kemur ekki að strax frá upphafi þess að verkefnið er mótað.
 - Jafnréttissjónarmið þurfa að koma að fyrir í ferlinu
- Ferli fjárhags- og fjárfestingaráætlana þínu ruglandi ferli/kerfi
- Tillögur fyrir fagrð eru að breytast alveg fram á síðasta skilafrest fyrir ráði og því er stundum erfitt að vinna skimunina
 - Unnið á mikilli hraðferð
- Óljóst hvernig ferlið er ef skimun leiðir í ljós að það þurfi að jafnréttismeta tillöguna
- Jafnréttismat snúnara í framkvæmd en skimun, þarfnast meiri þekkingar og stuðnings

Tækifæri

- Tækifæri til að samþætta betur við ferlið
- Styrkja eignarhald pólitískra fulltrúa á verkefninu
- Spurningar í eyðublaði skimunar mættu vera meira leiðbeinandi fyrir starfsfólk sem er ekki endilega með sérþekkingu á sviði jafnréttismála
- Tækifæri til að beita aðferðafræðinni á stærri málefni og horfa á heildarmyndina

Einnig átti formaður starfshópsins fund með eignaskrifstofu varðandi jafnréttisskimanir á fjárfestingaráætlun. Samkvæmt samtalinu er almennt kallað eftir skimunum þegar tillögum um

⁷ Hrefna Hallgrímsdóttir. (2019). „Þetta er réttlætistæki“: Um jafnréttismat á viðaukum við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2015 - 2019 (Meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.

⁸ O'Hagan, A. (2018). Conceptual and institutional origins of gender budgeting. Í A. O'Hagan og E. Klatzer (ritstj.), Gender budgeting in Europe: Developments and challenges (bls. 19–43). Cham, Switzerland: Palgrave Macmillan.

fjárfestingarkosti er skilað til skrifstofunnar en óljóst hvort einhverjum úrræðum sé beitt ef skimanirnar berast ekki. Þó er útgefið að tillögur án skimunar komist ekki á blað. Vægi skimananna við ákvarðanatöku er óljóst en þó sé horft til þessara sjónarmiða við ákvarðanatöku.

Umræða

Ljóst er að til staðar er nokkuð víðfemt verklag þegar kemur að framkvæmd jafnréttisskimana og jafnréttismats. Þetta verklag er skrifað inn í hinar ýmsu reglur og ferla í fjármálastjórn borgarinnar. Í gildi eru ýmsar verklagsreglur sem kveða á um gerð jafnréttisskimana og jafnréttismats við vinnslu m.a. fjárfestingaráætlunar, skuldbindingar og áhættur vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar og viðauka við fjárhagsáætlun.

Erfitt reynist að ná að draga út tölulegar upplýsingar um framkvæmdina sem getur valdið því að það skorti á yfirsýn yfir það hvernig verklagið gengur í raun og hverju það sé að skila.

Starfshópurinn leggur áherslu á að jafnréttisskimanir, og eftir atvikum jafnréttismöt, séu ætíð framkvæmd áður en tillögur eru samþykktar. Niðurstöður jafnréttisskimana og jafnréttismats eiga að vera verkfæri til að styðja við ákvarðanatöku. Þá er einnig mikilvægt að hugað sé að kynja- og jafnréttissjónarmiðum strax í upphafi þegar mótun tillagna/verkefna og útfærsla þeirra hefst, í samræmi við aðferðafræði kynjasambættingar. Markmiðið er jú að samþætta fjármála- og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar til þess að stuðla að auknu jafnrétti og betri nýtingu fjármuna.

Framkvæmd jafnréttisskimana og jafnréttismats er samvinnuverkefni starfsfólks og stjórnmalafólks. Stjórnmalafólkið er mikilvægur hlekkur í keðjunni þegar kemur að því að fylgja settu verklagi og að kynja- og jafnréttissjónarmið séu höfð til hliðsjónar við ákvarðanatöku. Ef vægi skimana og mata er óljóst þá getur það haft neikvæð áhrif á viðhorf starfsfólks til verkefnisins.

Tillaga að framtíðar skipulagi

Byggt á fyrirliggjandi þekkingu, samtölum við hagaðila og vinnu starfshópsins þá eru eftirfarandi tillögur lagðar fram til að stuðla bættu og skilvirkara verklagi hvað varðar framkvæmd jafnréttisskimana og jafnréttismata.

Tillaga 1. Rafvæðing jafnréttisskimunar

Við innleiðingu jafnréttisskimunar hefur komið í ljós að eftirfylgni vantar með því að skimanir séu framkvæmdar ásamt því að mikil vinna er fólgin í því að safna saman skimunum frá öllum fag- og kjarnasviðum og útbúa tölulega greiningu. Mikilvægt er að verkefnastýra KFS hafi rauntíma yfirlit yfir skimanirnar og að auðvelt sé að draga út tölulegar upplýsingar um framkvæmdina.

Starfshópurinn leggur til að eyðublað jafnréttisskimunar verði rafvætt. Rafrænt eyðublað gerir ferlið aðgengilegra fyrir þau sem vinna að jafnréttisskimun sem eykur líkur á farsæld verkefnsins. Gera má ráð fyrir að Reykjavíkurborg muni á næstu misserum færa sig meira út í rafræn skjöl, pappírslaysi og stafræna þjónustu. Þá er mikilvægt fyrir KFS-verkefnið að verkfæri við jafnréttisskimanir og -möt, sitji ekki eftir og verði hluti af úreltum formum.

Í viðauka 1 má sjá hvernig notendaviðmót og útlit gæti verið. Spurningarnar í jafnréttisskimuninni haldast að mestu óbreyttar. Starfshópurinn leggur til að bæta við spurningum um kyngreind gögn en oft hafa tölfraði upplýsingar vantað í skimanirnar þar sem þær gefa betri upplýsingar um stöðu mála.

Tillaga 1a: Eyðublað jafnréttisskimunar verði rafvætt, sjá tillögur að viðmóti [hér](#). Notast verði við kannanahugbúnað til að framkvæma jafnréttisskimun og útkoma hvernar skimunar skrifuð á tölvulesanlegu formi í gagnalón þjónustu- og nýsköpunarsvið. Settur verður upp tengistrengur sem gerir greinendum kleift að vinna með gögnin í Excel. Til viðbótar verður búið til einfalt vefviðmót sem gerir almennum notendum kleift að skoða jafnréttisskimanirnar sem skýrsla (frekar en að þurfa að lesa gagnagrunnstöflu til að glöggva sig á jafnréttisskimunum). Dæmi um hvernig það gæti litið út má sjá [hér](#). Út frá því vefviðmóti er sjálfkrafa sniðið PDF skjal sem sent er á þau sem framkvæma hverja jafnréttisskimun.

Tillaga 1b: Upplýsingar um framkvæmd jafnréttisskimana settar í Agresso, þar verður hægt að halda utanum og fletta upp hvort búið sé að jafnréttisskima og hvort skimun hafi leitt til mats. Einnig verður hægt að halda utanum hvort gert hafi verið jafnréttismat. Upplýsingar eru settar inn handvirkt og háðar því að upplýsingar berist áætlunar- og uppgjörsskrifstofu sem setur inn gögnin. Agresso heldur einungis utanum hvort jafnréttismat/skimun hafi verið framkvæmd, en ekki undirliggjandi gögn.

Tillaga 1c: Reit (fellilisti) bætt í Excel skjal fjárfestingaráætlunar þar sem niðurstaða jafnréttisskimunar er flokkuð skv. eftirfarandi valmöguleikum:

- Hefur jákvæð jafnréttisáhrif
- Hefur ekki áhrif á stöðu jafnréttis
- Hefur neikvæð jafnréttisáhrif
- Hefur neikvæð jafnréttisáhrif en gert ráð fyrir mótvægisáðgerðum
- Hefur neikvæð jafnréttisáhrif til skamms tíma en jákvæð til lengri tíma
- Óljóst hver eru jafnréttisáhrifin
- Vantar

Tillaga 2. Leiðbeiningar og fræðsla

Framvæmd KFS er mikið til í höndum almennra starfsmanna borgarinnar sem eru ekki endilega sérfræðingar í jafnréttismálum. Mikilvægt er að til staðar sé upplýsingaefni sem styður við vinnu starfsfólks þegar kemur að gerð jafnréttisskimana og jafnréttismats. Þá er jafnframt mikilvægt að reglubundin fræðsla sé í boði.

Tillaga 2a: Uppfærðar leiðbeiningar með jafnréttisskimun og jafnréttismati.

Tillaga 2b: Útbúin verði verkfærakista sem starfsfólk getur leitað í, ekki ósvipað og verkfærin sem heyra undir verkefnavinnu sem nú þegar eru aðgengileg á innri vef borgarinnar (Fróði - verkfæri).

Í viðauka 2 og 3 má sjá tillögu starfshópsins að leiðbeingum fyrir jafnréttisskimun annars vegar og jafnréttismat hins vegar. Uppfærsla þessara leiðbeininga er líkleg til að stuðla að hnitmiðaðri vinnubrögðum við gerð skimana og mata og meiri ánægju og skilnings þeirra sem framkvæma skimanir og mót.

Tillaga 3. Sniðmát fyrir jafnréttismat

Þarf að liggja skýrt fyrir hvað þarf að koma fram í jafnréttismati og samræma framkvæmdina milli sviða. Í sniðmátinu eru kaflaskipti og spurningar sem ættu að leiða starfsfólk áfram við vinnslu matsins.

Í viðauka 4 má sjá tillögu starfshópsins að samræmdu sniðmáti fyrir jafnréttismat.

Tillaga 4. Undanþágulistar

Lagt er til að ákveðin atriði séu undanþegin jafnréttisskimun og jafnréttismati, þegar að kemur að viðaukum, skuldbindingum og áhættum.

Tilgangurinn með tillögunni er að bregðast við því þegar starfsfólk sem framkvæmir jafnréttisskimanir upplifir tilgangleysi með framkvæmd matsins vegna þess að verið er að meta atriði sem teknar hafa verið ákvarðanir um á öðrum grundvelli.

Tillaga um atriði sem séu undanþegið jafnréttisskimun (í viðaukum, skuldbindingum og áhættum):

- Verkefni/Tillögur sem bera kostnað undir 4 m.kr.
- Kjarasamningsbundnar launahækkanir og endurmat starfa
- Flutningur á afgangi og halla
- Flutningur fjárheimilda milli þjónustupátta/sviða, ef ekki er um að ræða eðlisbreytingu á verkefni/þjónustu
- Breyting/endurmat á tekjum frá þriðja aðila t.d. jöfnunarsjóð, ríki
- Breyting/endurmat á skuldbindingum við þriðja aðila (þ.m.t. B-hlutafélög), ef undirliggjandi samningur gefur tilefni til að fjárhæðir geti breyst í samræmi við ákveðnar forsendur, t.d. launavísitölu, verðbólgu, gjaldskrárbreytingar ytri aðila, en skuldbinding/samningur er að öðru leiti óbreytt/ur
- Magnbreytingar/magntölur í þegar samþykktum verkefnum/þjónustupáttum geta verið undanþegnar jafnréttisskimun, t.d. fjölgun barna í leikskólum/skólum. Magnbreytingar geta verið ólíkar og því eðlilegt að eftirlitsaðili geti óskað eftir jafnréttisskimun vegna þessara breytinga telji hann þörf á.
- Breytingar á fjárfestingaáætlun ef ekki er um að ræða eðlisbreytingu á verkefni/þjónustu eða flutning milli þjónustupátta/sviða.

Tillaga 5. Eftirlit og endurgjöf

Eftirlit og endurgjöf eru mikilvægir þættir í að bæta verklag, þekkingu og auka vægi jafnréttisskimunar/mats við ákvarðanatöku um útteildingu fjárheimilda. Eftirlit með skilum jafnréttisskimana/mata ýtir undir virkari framkvæmd og aukna kröfu um að upplýsingar og niðurstöður skili sér alla leið í ákvarðanatöku. Endurgjöf ætti að skila betri og breiðari þekkingu hjá þeim sem vinna jafnréttisskimanir/möt og byggja betri brú milli starfsmanna sem vinna gögninn og þeirra sem taka ákvarðanir.

Við yfirferð verkefnastýru KFS á innihaldi jafnréttisskimana frá árinu 2020 kom t.d. í ljós að innihald skimananna var oft ansi þunnt. Líklegasta skýringin er sú að starfsfólk sem fyllir út skimunina eru ekki endilega með djúpa sérfræðiþekkingu á jafnréttismálum. Mikilvægt er að byggja upp þessa þekkingu og það er hægt að gera með fræðslu og markvissri endurgjöf.

Óánægja hefur verið meðal starfsfólks borgarinnar hvað varðar vægi jafnréttisskimana við ákvarðanatöku, það sé óljóst hvert vægi þeirra er sem rýrir tilgang vinnu þeirra. Stundum hefur verið kallað eftir skimunum eftir að ákvörðun hefur verið tekið en það er ekki til þess fallið að uppfylla tilgang skimana, sem er að þær styðji við ákvarðanatöku.

Tillaga 5a: Kveðið sé á um að jafnréttisskimanir eigi að fylgja málum þegar þau fara fyrir borgarráð. Fylgi þau ekki sé málið ekki tækt til afgreiðslu og verði því ekki tekið á dagskrá fundar borgarráðs. Skrifstofa borgarstjórnar sér til þess að verklaginu sé fylgt, með því að kalla eftir skimunum þegar þær fylgja ekki með málum. Borgarráð fjalli um jafnréttisáhrif tillagna þegar þær eru teknar til umræðu.

Tillaga 5b: Eignaskrifstofu á fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að útfæra eftirlit með að jafnréttisskimanir fylgi fjárfestingartillögum sviða, ásamt því að eignaskrifstofa skili árlega til verkefnastjóra KFS gögnum um framkvæmd og niðurstöðu skimana á samþykktum fjárfestingartillögum og viðaukum við fjárfestingaáætlun.

Tillaga 5c: Áætlana- og uppgjörsskrifstofu á fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að útfæra eftirlit með að jafnréttisskimanir fylgi með rýningu á skuldbindingum og mati á helstu áhættum í rekstri sviða og viðaukum við fjárhagsáætlun. Skrifstofan skili árlega til verkefnastýru KFS gögnum um framkvæmd og niðurstöðu skimana.

Tillaga 5d: Verkefnastjóri KFS fer árlega yfir allar skimanir og jafnréttismöt samhliða því að gera greinargerð með ársreikningi um innleiðingu KFS og rýnir þá í innihald skimana frá hverju sviði. Í kjölfarið er svo fundur með hverjum KFS starfshóp sviðanna þar sem veitt er endurgjöf um hvað er vel gert og hvað mætti gera betur. Hér myndi einnig skapast kjörið tækifæri fyrir starfshópana til að koma á framfæri þeirra athugasemdum við ferlið.

Tillaga 6. Ábyrgð og verkaskipting

Mikilvægt er að ábyrgð og verkaskipting sé skýr. Einnig er mikilvægt að pólitíkin, stjórnendur og starfsfólk hafi öll hlutverki að gegna til að auka eignarhald á verkefninu á hinum ýmsu sviðum borgarinnar.

Starfshópar KFS á fag- og kjarnasviðum⁹ bera ábyrgð á framkvæmd jafnréttisskimana og jafnréttismata á sínu sviði. Framkvæmdin getur verið ólík milli sviðanna, þ.e.a.s. hvort starfshópurinn eða ákveðnir meðlimir hans almennt vinna jafnréttisskimanirnar eða hvort annað starfsfólk sviðsins vinni skimanirnar. Nokkuð óljóst hefur verið hvernig jafnréttisskimanir og jafnréttismöt eru unnin hjá

⁹ Fagsviðin eru fimm; ÍTR, MOF, SFS, USK OG VEL. Kjarnasviðin eru þrjú; ÞON, MOS, FÁST

þeim sviðum og skrifstofum borgarinnar sem flokkast ekki sem fag- og kjarnasvið, en á þeim skrifstofum eru ekki starfandi KFS starfshópar (t.d. MAR og SBS).

Tillaga 6a: Starfshópurinn leggur til að eftirfarandi ábyrgð og verkaskipting verði skjalfest:

Borgarstjórn

- *Æðsta yfirstjórn á fjármálum borgarinnar*
- Ber ábyrgð á að kynja- og jafnréttissjónarmið og niðurstöður jafnréttisskimana og jafnréttismata séu höfð til hliðsjónar við ákvarðanatöku.

Borgarráð

- *Úthlutar fjárhagsrömmum, fjallar um frumvarp að fjárhagsáætlun, fjallar um breytingartillögur milli umræðna*
- Ber ábyrgð á að fjallað sé um jafnréttisáhrif verkefna/tillagna
- Skipar í stýrihóp KFS

Stýrihópur KFS

- *Tveir fulltrúar frá meirihluta og einn frá minnihluta*
- Ber ábyrgð á að skilgreina hvert beri að stefna í framkvæmd KFS hjá fag- og kjarnasviðum ásamt miðlægum skrifstofum og stofnunum
 - Setur KFS markmið fyrir borgina og ber ábyrgð á eftirfylgni með þeim markmiðum
- Ber ábyrgð á að setja fram hugmyndir um aðferðafræði til að nýta við framkvæmd KFS
- Fylgir framkvæmd KFS eftir
- Leggur fram tíma- og verkáætlun stýrihóps KFS samhliða tíma- og verkáætlun fjárhagsáætlunar

Fagráð

- *Bera ábyrgð á því að stefnumörkun og áherslur þeirra málaflokka samræmist stefnu borgarinnar í mannréttinda- og lýðræðismálum*
- *Bera ábyrgð á því að forgangsröðun og skipting fjármuna á þeirra sviði samræmist stefnu borgarinnar í mannréttinda- og lýðræðismálum*
- Bera ábyrgð á að kynja- og jafnréttissjónarmið séu höfð til grundvallar við mótun verkefna og liggi fyrir við afgreiðslu þeirra

Sviðsstjórar

- Bera ábyrgð á framkvæmd KFS á sínu sviði
- Sviðsstjórar fag- og kjarnasviða skipa KFS starfshópa á sínu sviði

Sviðsstjóri FÁST

- Ber ábyrgð á að verklagsreglum tengt KFS sé fylgt og að þær séu uppfærðar reglulega
- Ber ábyrgð á að gott samstarf sé á milli FÁST og MAR um framkvæmd KFS

Mannréttindastjóri

- Ber ábyrgð á eftirliti og stuðningi við KFS
- Ber ábyrgð á fræðslu um kynja- og jafnréttissjónarmið og KFS
- Ber ábyrgð á að gott samstarf sé á milli MAR og FÁST um framkvæmd KFS
- Er næsti yfirmaður verkefnastjóra KFS

Verkefnastjóri KFS

- Starfsmaður stýrihóps KFS
- Dagleg stjórnun og yfirsýn verkefnisins
- Fylgir eftir innleiðingunni - leiðir verkefnið
- Fer í þau verkefni sem stýrihópurinn felur honum/henni/háni
- Styður við starfshópa og þau sem vinna að innleiðingunni
- Kynnir verkefnið fyrir starfsfólki og öðrum aðilum
- Tengiliður við samstarfsaðila
- Fræðsla til borgarfulltrúa, stjórnenda og starfsfólks borgarinnar
- Gefur árlega endurgjöf á innihald og framkvæmd skimana og mata

KFS starfshópar á fag- og kjarnasviðum

- Tryggja að verklagsreglum sem tengjast kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun sé fylgt eftir á sviðinu.
- Vinna greinargerðir í fjárhagsáætlun um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun á sviðinu.
- Leiða verkefni um greiningar á þjónustupáttum í samræmi við verklagsreglur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun (FMS-VLR-087) og tíma- og verkáætlun stýrihóps KFS.
- Skipa vinnuhópa, eftir þörfum, til að sjá um greiningar á þjónustupáttum og styðja við starf þeirra.
- Fylgja eftirtillögum um aðgerðir vegna útkomu greininga.
- Tryggja að rökstuðningur liggi fyrir ef talið er óþarft að greina ákveðinn þjónustupátt.
- Hafa umsjón með vinnu á jafnréttisskimun og jafnréttismati vegna nýrra verkefna eða breytinga á verkefnum í samræmi við verklagsreglur um fjárfestingaáætlun og reglur um gerð fjárhagsáætlunar (FMS-VLR-048 og FMS-STE-001).
- Hafa umsjón með gerð jafnréttisskimana og jafnréttismats vegna tillagna um auknar fjárheimildar sviðsins (viðauka) í samræmi við verklagsreglur um viðauka við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar (FMS-VLR-086).
- Greina hvaða kyngreindu gögn þarf að safna á sviðinu og finna leiðir til þess.

Áætlana og uppgjörsskrifstofa FÁST

- Tekur þátt í að þróa og innleiða KFS í samvinnu við MAR
- Hefur eftirlit með því að skimanir fylgi þegar gögnum er skilað og kallar eftir þeim þegar þær vantar

Eignaskrifstofa

- Eftirlit með skimunum á fjárfestingum

Skrifstofa borgarstjórnar

- Eftirlit með að skimanir fylgi málum þegar þau eru lögð fyrir borgarráð og borgarstjórnar

Þessu til stuðnings leggur hópurinn jafnframt fram eftirfarandi:

Tillaga 6b: Verkefnastýra KFS flytji ótímabundið á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Tillaga 6c: Til að styrkja framkvæmd KFS innan skrifstofa ráðhúss er lagt til að skrifstofur ráðhúss sameinist um að stofna starfshóp líkt og er á hverju fag- og kjarnasviði.

Tillaga 7. Miðlægt svæði KFS á Fróða

Þekking á því hvaða misrétti er til staðar í samfélaginu er mikilvæg fyrir það starfsfólk sem vinnur að framkvæmd jafnréttisskimana og jafnréttismata. Framkvæmd KFS byggir að miklu leiti á því að þessi þekking sé til staðar innan stjórnsýslu borgarinnar. Mikilvægt er að starfsfólk upplifi að það hafi öll þau verkfæri og þekkingu sem þarf til að vinna góðar jafnréttisskimanir og jafnréttismöt, ásamt því að geta leitað til sérfræðinga í jafnréttismálum eftir stuðningu og leiðsögn. Það getur verið óþægilegt fyrir fólk sem er ekki með sérfræðiþekkingu á jafnréttismálum að draga ályktanir um jafnréttisáhrif, sem eru ekki endilega alltaf augljós. Leiðbeiningar, lestrarefni, fræðsla og annað er mikilvægur hlekkur í þeirri keðju. Sér svæði auðveldar aðgengi að efni og yfirsýn yfir verkefnið. Umsjón með svæðinu væri í umsjá verkefnastýru KFS.

Tillaga 7: KFS fái sér svæði inná Fróða þar sem allar leiðbeiningar, eyðublöð, sniðmát, fræðsla, ferlar, ársskýrsla, handbók, upplýsingar um stýrihóp og starfshópa, verkefnastýru og aðgangur að rafvæddum jafnréttisskimunum er á einum stað aðgengilegt fyrir starfsfólk. Væri líka hægt að hafa fræðsludagatal.

Hér væri líka tækifæri til að setja upp skorkort með ákveðnum flokkum mælikvarða fyrir framkvæmd KFS innan sviða borgarinnar. Slíkt gæti aukið sýnileika verkefnis og verið hvetjandi fyrir sviðin að sjá tölulegan árangur.

Tillaga 8. Ferlar

Eins og komið hefur fram þá hefur verklag jafnréttisskimana og jafnréttismats ekki skilað sér að fullu leiti og því mikilvægt að skerpa á ferlinu svo það liggi ljóst fyrir og ekki séu uppi vafamál með hvernig framkvæmdinni skuli háttað. Frá því að jafnréttisskimanir voru innleiddar sem undanfari jafnréttismata hafa örsjaldan verið framkvæmd jafnréttismöt í kjölfar skimana, þrátt fyrir að verklagið segi til um að svo eigi að vera. Ferlið virðist því ekki nógu skýrt hvað þetta varðar og mikilvægt að skerpa á því. Þá leiddi rýning starfshópsins á hinum ýmsum verklagsreglum og ferlum í ljós að annmarkar voru á því að slík skjöl væru uppfærð reglulega í samræmi við breytt verklag.

Tillaga 8a: FMS og verkefnastýra KFS hafi umsjón með og uppfæri reglulega alla ferla í samræmi við breytt KFS verklag.

Tillaga 8b: Ferill jafnréttisskimunar og jafnréttismat verði teiknaður upp með skýrum hætti. Koma þarf skýrt fram hvernig ferli tekur við ef skimun leiðir í ljós að þörf sé á jafnréttismati. Tillögu að slíkum ferli má sjá í viðauka 5.

Tillaga 8c: Tækifæri eru til að skrifa verkferli og markmið KFS betur inn í reglur um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborgar (FMS-STE-001) og fjármálastefnu. Í fjármálastefnu borgarinnar er ekkert minnst á jafnrétti, jafnræði eða jöfnuð. Til dæmi væri hægt að skrifa inn að leiðarljós og markmið fjármálastjórnunar RVK sé líka jafnrétti, jafnræði og/eða jöfnuður (er núna: sjálfbærni, hófsemi, varfærni, gagnsæi, stöðugleiki, stefnufesta og framsýni).

Kostnaðarmat tillagna

Tillögurnar eru allar með þeim hætti að ætti ekki að vera beinn kostnaður fólgin í því að innleiða þær. Óbeinn kostnaður gæti fólgt í ákveðinni vinnu við útfærslu og innleiðingu þeirra. Hafa ber þó í huga að margar tillögurnar munu skila sér í skilvirkari framkvæmd sem hefur ákveðið hagræði í för með sér.


Niðurlag

Starfshópurinn hefur sett saman ályktanir sem tengjast framkvæmd KFS í heild sinni en afmarkast ekki beint við jafnréttisskimanir og jafnréttismöt. Með þessu viljum við varpa ljósi á þann ávinning sem breytt verklag/tillögur starfshóps geta haft í för með sér. Fagsviðin vinna jafnréttisskimanir og jafnréttismöt en á endanum liggur ákvarðanatökan hjá pólitíkinni, stjórnmalafólk er því lykilaðilar ef tryggja á að verkefnið skili tilætluðum árangri. Þá er mikilvægt að dýpka innihald skimana en það gerist bara með aukinni sérþekkingu á jafnréttismálum. Þar sem hvert svið sér um sínar skimanir þarf þessi þekking að vera til staðar þvert á borgina.

- Framkvæmd KFS hefur mikið undir því að ákveðin jafnréttishugsun sé partur af stofnanamenningu borgarinnar. Mikilvægt er að markviss og regluleg fræðsla um jafnréttismál fari fram fyrir starfsfólk borginnar.
- Mögulega þyrfti að sérsníða fræðslu eftir hverju sviði fyrir sig þar sem sjónum yrði beint að þeim kynja- og jafnréttissjónamiðum sem snerta helst starfsemi hvers sviðs og hvaða kynjamynstur eru þekkt sem tengjast starfsemi sviðsins.
- Mikilvægt er að fagræði fái fræðslu um aðgerðaálætlun í mannréttinda og lýðræðismálum sem og fræðslu um KFS og markmið og leiðarljós KFS. Þetta stuðlar að því að við séum öll að vinna í sömu átt og að kynja- og jafnréttissjónarmið séu höfð til hliðsjónar við stefnumótun, mótun verkefna, ákvarðanatöku og útdeilingu fjármagns.
- Stjórnendur sviða og stýrihópur KFS þurfa að sjá til þess að sérfræðiþekking á kynja- og jafnréttismálum sé til staðar þvert á svið borgarinnar og að sérfræðiaðstoð sé aðgengileg fyrir starfsfólk sem vinnur jafnréttisskimanir og -möt, til að tryggja gæði og fagmennsku. Starfsfólk sem vinnur jafnréttisskimanir og -möt hefur mikla þekkingu á sínum verkefnum og málaflokkum en er fæst sérfræðingar í jafnréttis- og kynjamálum og er stuðningur því mikilvægur til að þau geti af öryggi leitt til lykta þær skimanir og -möt sem þeim er falið að framkvæma. Sé þessi sérfræðiþekking ekki aðgengileg innan borgarkerfisins á þeim tímamarki sem á þarf að halda, t.d. ef að þeir sérfræðingar sem starfa að málaflokknum geta vegna aðstæðna ekki aðstoðað teymin við verkefni, verða teymin að hafa heimild til að leita til utanaðkomandi sérfræðinga til að verkefnin stoppi ekki eða að þessar aðstæður komi ekki niður á gæðum greininga.
- Handbók um KFS er orðin úrelt að mörgu leyti, sér í lagi þegar kemur að skipulagi verklags innan borgarinnar. Mikilvægt er að uppfæra handbókina til samræmis við nýtt skipulag KFS.
- Aðgengi að gögnum er mikilvægt í vinnu við KFS. Mikilvægt er að stuðla að því að vinna við stafræna vegferð borgarinnar sé einnig nýtt til að stuðla að bættu aðgengi að kyngreindum gögnum. Þá væri mjög gott að hafa einhverja þýrlusýn á hvaða gögn eru til.
- Mikilvægt er að kortleggja helstu kynja- og jafnréttissjónarmið og kynjamynstur sem tengjast borginni og tengja við starfsemi fag- og kjarnasviða borgarinnar. Setja þarf markmið um hverju við erum að reyna að hnika til í jafnréttisátt og hvernig við ætlum að gera það. Hver eru stóru málin sem þarf að tækla til að færa borgina nær jafnrétti? Hvernig ætlum við að komast þangað?
- Mikilvægt er fyrir innleiðingu og framkvæmd KFS að unnt sé að halda utan um og fylgjast með hvaða árangri vinnan hefur skilað. Hvaða aðgerða hefur verið gripið til? Hvaða breytingar hafa orðið á úthlutun fjármagns sem færa okkur nær jafnrétti? Finna þarf leiðir til að mæla árangur af KFS.

Viðaukar/Fylgiskjöl

Viðauki 1. Rafrænt eyðublað jafnréttisskimunar



Jafnréttisskimun

Leiðbeiningar



Grundvöllurinn



Hlutverk sveitarfélaga

*“Sveitarstjórnir skulu að afloknum sveitarstjórnarkosningum sjá til þess að innan hvers sveitarfélags verði gerð **áætlun** fyrir nýtt kjörtímabil **um markmið og aðgerðir til að koma í veg fyrir mismunun, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lög um jafna meðferð á vinnumarkaði og lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, þar sem m.a. komi fram hvernig unnið skuli að kynja- og jafnréttissjónarmiðum á öllum sviðum. Áætlun skal taka til markmiða og aðgerða til að stuðla að jafnrétti og jafnri meðferð við ráðstöfun fjármagns, í þjónustu sveitarfélagsins og starfsmannamálum**”*

13. grein laga um stjórnsýslu jafnréttismála (nr. 151/2020)



Markmið jafnréttislaga (nr. 150/2020)

- a) gæta jafnréttissjónarmiða og vinna að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum samfélagsins
- b) vinna að jöfnum áhrifum kvenna og karla í samfélaginu,
- c) bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu,
- d) vinna gegn launamísrétti og annarri mismunun á grundvelli kyns á vinnumarkaði, m.a. með því að fyrirtæki og stofnanir uppfylli skilyrði jafnlaunavottunar eða jafnlaunastæðfestingar,
- e) gera öllum kleift, óháð kyni, að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf,
- f) efla fræðslu um jafnréttismál,
- g) greina tölfraðiupplýsingar eftir kyni,
- h) efla rannsóknir í kynja- og jafnréttisfræðum,
- i) vinna gegn kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni,
- j) breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla,
- k) stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf,
- l) gæta sérstaklega að stöðu fólks með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá,
- m) vinna gegn fjölþætri mismunun.



Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar




Mannréttindastefnan er byggð á jafnræðisreglunni og miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnálaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu.

Markmið kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg er að samþætta mannréttindastefnu og fjármálastefnu borgarinnar



Jafnréttisskimun er hluti af framkvæmd Kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS) hjá Reykjavíkurborg



- Markmið: Að samþætta mannréttinda- og fjármálastefnu Reykjavíkurborgar.
 - Betri nýting á fjármunum.
 - Betri þjónusta við íbúa.
 - KFS tekur mið af öllum þáttum mannréttindastefnunnar, ekki bara horft á kyn.
- Unnið þvert á öll svið borgarinnar.
- Hluti af aðgerðaráætlun í mannréttinda- og lýðræðismálum.

→ <https://reykjavik.is/kynjud-fjarhags-og-starfsaaetlun>



Af hverju KFS?

- Stuðla að auknu jafnrétti og betri nýtingu fjármuna
 - Réttlátari dreifing fjármuna og gæða með tilliti til mismunandi þarfa borgarbúa
- Gæðastjórnun
 - Upplýst ákvarðanataka
- Aukið gagnsæi
- Varpa ljósi á ólíka stöðu fólks og ólíkar þarfir og tengja þekkinguna við gerð fjárhags- og starfsáætluna
 - Koma í veg fyrir að við horfum fram hjá kynjuðum áhrifum
- Nota opinbert fé á þann hátt að við færumst nær jafnrétti



Af hverju KFS? frh.

- Fjármál eru ekki kynhlutlaus
 - Öflun og ráðstöfun opinbers fjárs hefur mismunandi áhrif á fólk eftir kyni, aldri, félagslegri stöðu o.fl.
 - Fjármál endurspeglar kynja- og valdatengsl í samfélaginu
 - Ef við horfum fram hjá kynja- og jafnréttissjónarmiðum við gerð fjárhagsáætlunar getum við viðhaldið eða ýtt undir núverandi misrétti



Framkvæmd skimana



Af hverju jafnréttisskimun?

- Hluti af framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS)
- Kynja- og jafnréttissjónarmið/áhrif skoðuð snemma í ákvörðunarferlinu
- Varpa ljósi á ólíka stöðu fólks og ólíkar þarfir og tengja þekkinguna við tillöguna sem við erum að jafnréttisskima
- Upplýst ákvarðanataka
 - Koma í veg fyrir kynhlutleysi við ákvarðanatöku
 - Markmiðið er að taka ákvarðanir sem færa okkur nær jafnrétti



Tilgangur

- Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á [jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa](#) í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags-og starfsáætlun.
- Jafnréttisskimunin [styður við ákvarðanatöku](#) stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangs röðun um ráðstöfun fjármuna.
- Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í [jafnréttismat](#) hafi hún jafnréttisáhrif.



Hvað á að skima?

- Áður en fjárhagslegar ákvarðanir eru teknar þarf að taka mið af þörfum og viðhorfum mismunandi hópa sbr. mannréttindastefnuna. Þetta á við um [allar ákvarðanir sem hafa fjárhagsleg áhrif](#), hvort sem á að [breyta þjónustu](#), [bæta við nýjum verkefnum](#) eða [skera niður](#).
- Tillögur að fjárfestingum
- Viðaukar við gildandi fjárhagsáætlun
- Skuldbindingar og áhættur í rekstri
- Fimm ára áætlun



Hvað er undanþegið skimun?

- Kjarasamningsbundnar launahækkunar og endurmat starfa
- Magnbreytingar/magntölur í verkefnum
- Gjaldskrárbreytingar þegar ákvarðanir eru teknar utan sviðs/Reykjavíkurborgar (þ.m.t. breytingar í B-hlutafélögum)
- Flutningur á afgangi og halla
- Flutningur fjárheimilda milli þjónustubátta
- Þegar þörf er á auknum fjárheimildum vegna ófyrirséðrar fjölgunar nemenda



Hvað þarf að koma fram

- Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
- Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Hvernig?
- Hvaða hópa snertir tillagan?
- Hvaða gögn eru til, eða er æskilegt að hafa, um þann hóp?
- Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa?
- Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?



Hvað þarf að koma fram

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Lýsing á tillögunni og markmiðum hennar.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Hér reynum við að beina sjónum okkar á ákveðna markhópa tillögunnar eða hópa sem tillagan gæti haft áhrif á. Reynum að forðast að segja "alla borgarbúa" (þó það geti að sjálfsögðu stundum átt við).
Hvað kyngreindu gögn eru til, eða er æskilegt að hafa, um þann hóp?
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa? Rökstyðjið.
Jaðarsettir hópar - horfum m.a. til þeirra hópa sem aðgerðaáætlun í mannréttinda- og lýðræðismálum tekur til
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?
Ef skimunin leiðir í ljós að það séu til staðar jafnréttisáhrif eða að það sé erfitt að segja til um það út frá niðurstöðum skimunar þá ber að framkvæma jafnréttismat á tillögunni áður en hún er samþykkt.



Hvað þarf að hafa í huga?

- Hvernig er lýðfræðileg samsetning starfsfólks?
- Hvernig er lýðfræðileg samsetning þjónustuþega?
 - Hvernig er kynjasamsetning þeirra sem nýta þjónustuna/njóta góðs af tillögunni?
 - Eru jaðarsettir hópar meðal þeirra sem nýta þjónustuna/njóta góðs af tillögunni?
- Hefur tillagan/þjónustan áhrif á einhverja af þessum hópum? Hvernig áhrif?
- Hefur tillagan/þjónustan áhrif á ólaunaða vinnu innan heimilanna?
 - t.d. ef dregið er úr þjónustu
- Hvaða fjármagn er veitt í verkefnið? Hvernig nýtist það?
- Eru einhverjir hópar útilokaðir frá þátttöku eða þjónustunni?
 - Eru einhverjar hindranir, sýnilegar eða ósýnilegar



Hvað þarf að hafa í huga?

- Notumst við þær kyngreindu tölfraðiupplýsingar sem eru til og fyrirbyggjandi gögn, eins og t.d. skýrslur, greining þjónustupátta, fræðileg þekking o.s.frv.
- Mikilvægt að hafa í huga að jafnréttisskimun er ekki ætlað að vera eingöngu hausatalning
 - Þurfum að setja tölurnar í víðara samfélagslegt samhengi



Kyngreind gögn

- Tölfræði greind eftir bakgrunnsbreytunni kyn
 - Enn betra ef við getum greint líka niður á aðra bakgrunnsþætti eins og uppruna eða tekjutíund.
- Ekki sérstök gagnaöflun eða viðbót við almenn tölfraðigögn
- Skilvirk notkun kyngreindra gagna eykur gagnsæi og hagkvæmni
- Forsenda þess að vinna kynjaða fjárhagsáætlun og taka upplýstar ákvarðanir

“Í opinberri hagskýrslugerð um einstaklinga og í viðtals- og skoðanakönnunum skal greint á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu upplýsinga nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því.”

Þá skulu opinberir aðilar leitast við að greina á milli kynja við alla tölfraðivinnslu nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því.”

29. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna (nr. 150/2020)



Hvar get ég fundið gögn?

- Kynlegar tölur ([hér](#))
- Reykjavík í tölum ([hér](#))
- Mælaborð borgarbúa ([hér](#))
- Velstat ([hér](#))
- Borgarvefsjá og Borgarsjá
- Hagstofan
- Gögn sem sviðið sjálft eða stofnanir þess safnar



Kynja- og jafnréttissjónarmið



Þekkt kynjamynstur í samfélaginu



Hvað vitum við um stöðu jafnréttismála í borginni?

- Konur eru meirihluti starfsfólks Reykjavíkurborgar (74%)
- Um þriðjungur kvenna á vinnumarkaði er í hlutastarfi, en aðeins um 13% karla
 - Konur líklegri til að segja að ástæða hlutastarfa sé vegna fjölskylduábyrgðar
- Um helmingur þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg eru einstæðir karlmenn
- Konur eru 67% þjónustuþega heimahjúkrunar og heimaþjónustu
- Karlar eru tvöfalt líklegri til að hjóla í Reykjavík heldur en konur
- Íþróttaiðkun karla í íþróttum innan ÍBR er meiri en kvenna
- Gerendur oftast KK og þolendur KVK í útköllum vegna heimilisofbeldis



Dæmi um leiðir til að vinna í átt að jafnrétti

- Draga úr ólaunuðum heimilis- og umönnunarstörfum kvenna
 - Umönnunarþjónusta sem mætir þörfum skjólstæðinga
 - Karlar taki jafnan þátt á við konur
- Styrkja stöðu kvenna á vinnumarkaði
 - Draga úr þörf til að vera í hlutastarfi/fæðingarorlofi til að sinna börnum
 - Jafnari skipting fæðingarorlofs
 - Leikskólaþjónusta mæti þörfum foreldra
 - Styttri vinnuvika
- Vinna gegn staðalmyndum um hlutverk og hegðun kynjanna
 - Kynjafræði kennd á öllum skólastigum
- Styrkja stöðu jaðarsettra hópa í samfélaginu og á vinnumarkaði
 - Vinna gegn fordómum og staðalmyndum
 - Aukinn sveigjanleiki
 - Aðgengismál í lagi
 - Íslenskukennsla
 - Menntun metin að verðleikum



Að lokum



Hvert get ég leitað eftir stuðningi/aðstoð?

- Starfshópur KFS á þínu sviði
 - Verkefnastýra KFS
 - Sérfræðingar á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu
-
- Verkefnastýra KFS tekur einnig að sér fræðslu fyrir sviðin, beiðnir um fræðslu berist á sigrídur.finnbogadóttir@reykjavík.is



Aðrar leiðbeiningar og stuðningsefni

- Reykjavíkurborg - Handbók um KFS ([hér](#), bls 25+)
- Reykjavíkurborg – Leiðbeiningar við gerð jafnréttismats ([hér](#))
- Reykjavíkurborg – Greiningarverkefni ([hér](#))
- Jafnréttisstofa - Handbók um kynjasambættingu ([hér](#))
- Jafnréttisstofa – Jafnréttismat ([hér](#))
- Stjórnarráðið – Kynjasambætting, verkfærakista ([hér](#))
- Kynlegar tölur Reykjavíkurborgar – gefnar út árlega ([hér](#))

Alltaf velkomið af hafa samband við verkefnastýru KFS varðandi ráðgjöf



Gangi ykkur vel!



Jafnréttismat

Leiðbeiningar



Grundvöllurinn



Hlutverk sveitarfélaga

*“Sveitarstjórnir skulu að afloknum sveitarstjórnarkosningum sjá til þess að innan hvers sveitarfélags verði gerð **áætlun** fyrir nýtt kjörtímabil **um markmið og aðgerðir til að koma í veg fyrir mismunun, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lög um jafna meðferð á vinnumarkaði og lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, þar sem m.a. komi fram hvernig unnið skuli að kynja- og jafnréttissjónarmiðum á öllum sviðum. Áætlun skal taka til markmiða og aðgerða til að stuðla að jafnrétti og jafnri meðferð við ráðstöfun fjármagns, í þjónustu sveitarfélagsins og starfsmannamálum**”*

13. grein laga um stjórnsýslu jafnréttismála (nr. 151/2020)



Markmið jafnréttislaga (nr. 150/2020)

- a) gæta jafnréttissjónarmiða og vinna að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum samfélagsins
- b) vinna að jöfnum áhrifum kvenna og karla í samfélaginu,
- c) bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu,
- d) vinna gegn launamísrétti og annarri mismunun á grundvelli kyns á vinnumarkaði, m.a. með því að fyrirtæki og stofnanir uppfylli skilyrði jafnlaunavottunar eða jafnlaunastæðfestingar,
- e) gera öllum kleift, óháð kyni, að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf,
- f) efla fræðslu um jafnréttismál,
- g) greina tölfraðiupplýsingar eftir kyni,
- h) efla rannsóknir í kynja- og jafnréttisfræðum,
- i) vinna gegn kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni,
- j) breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla,
- k) stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf,
- l) gæta sérstaklega að stöðu fólks með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá,
- m) vinna gegn fjölþættri mismunun.



Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar




Mannréttindastefnan er byggð á jafnræðisreglunni og miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmálaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu.

Markmið kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg er að samþætta mannréttindastefnu og fjármálastefnu borgarinnar



Jafnréttismat er hluti af framkvæmd Kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS) hjá Reykjavíkurborg



- Markmið: Að samþætta mannréttinda- og fjármálastefnu Reykjavíkurborgar.
 - Betri nýting á fjármunum.
 - Betri þjónusta við íbúa.
 - KFS tekur mið af öllum þáttum mannréttindastefnunnar, ekki bara horft á kyn.
- Unnið þvert á öll svið borgarinnar.
- Hluti af aðgerðaráætlun í mannréttinda- og lýðræðismálum.

→ <https://reykjavik.is/kynjud-fjarhags-og-starfsaaetlun>



Af hverju KFS?

- Stuðla að auknu jafnrétti og betri nýtingu fjármuna
 - Réttlátari dreifing fjármuna og gæða með tilliti til mismunandi þarfa borgarbúa
- Gæðastjórnun
 - Upplýst ákvarðanataka
- Aukið gagnsæi
- Varpa ljósi á ólíka stöðu fólks og ólíkar þarfir og tengja þekkinguna við gerð fjárhags- og starfsáætlana
 - Koma í veg fyrir kynhlutleysi
- Nota opinbert fé á þann hátt að við færumst nær jafnrétti



Af hverju KFS? frh.

- Fjármál eru ekki kynhlutlaus
 - Öflun og ráðstöfun opinbers fjárs hefur mismunandi áhrif á fólk eftir kyni, aldri, félagslegri stöðu o.fl.
 - Fjármál endurspeglar kynja- og valdatengsl í samfélaginu
 - Ef við horfum fram hjá kynja- og jafnréttissjónarmiðum við gerð fjárhagsáætlunar getum við viðhaldið eða ýtt undir núverandi misrétti



Framkvæmd jafnréttismats



Hvað er jafnréttismat?

- Kerfisbundin aðferð sem nýtist við undirbúning og skipulag vinnu
- Korlagning á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði
 - Efnahagsleg, félagsleg og menningarleg staða
- Greining á því hvernig tillagan/þjónustan/verkefnið getur haft áhrif á jafnrétti og/eða réttindi jaðarsettra hópa
 - Koma í veg fyrir mismunun
 - Stuðla að jafnrétti



Af hverju jafnréttismat?

- Hluti af framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS)
- Greina kynja- og jafnréttissjónarmið/áhrif
 - Jafnréttissjónarmið höfð til hliðsjónar við undirbúning og skipulag vinnu
- Varpa ljósi á ólíka stöðu fólks og ólíkar þarfir og tengja þekkinguna við tillöguna/verkefnið sem við erum að jafnréttismeta
- Upplýst ákvarðanatataka
 - Koma í veg fyrir kynhlutleysi við ákvarðanatöku
 - Stuðla að auknu kynjajafnrétti og tryggja réttindi jaðarsettra hópa
 - Markmiðið er að taka ákvarðanir sem færa okkur nær jafnrétti



Hvað á að jafnréttismeta?

- Tillögur sem teljast hafa jafnréttisáhrif [eftir](#) að þær hafa farið í gegnum jafnréttisskimun
- Tillögur þar sem jafnréttisskimun leiðir í ljós að þörf er á dýpri greiningu og/eða óljóst er hvort jafnréttisáhrif eru til staðar



Hver framkvæma jafnréttismatið?

- Gert er ráð fyrir að ábyrgðarfólk tillögunnar vinni matið í samráði við starfshóps KFS á sviðinu og verkefnastýru KFS
 - Verkefnastýra KFS* tekur þrjá fundi með ábyrgðarfólki tillögunnar til að tryggja gæði vinnunnar. Startfundur - Stöðufundur - Lokafundur
 - Skoða þarf hvort sérfræðingar í jafnréttismálum komi að verkefninu
- Ef þörf er á djúpri greiningu er eðlilegt að myndaður sé verkefnahópur utan um greininguna
- Ábyrgðarfólk tillögunnar ber ábyrgð á koma ferlinu af stað!

* eða sérfræðingar af mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu



Hvað þarf að koma fram

- Lýsing á tillögunni og markmiðum
- Úttekt á þekkingu um stöðu ólíkra hópa sem snerta tillöguna
 - t.d. konur, karlar, hinsegin fólk, fatlað fólk, innflytjendur, ólíka aldurshópa
- Greining á kynjaáhrifum, áhrifum á jaðarsetta hópa og samtvinnun mismunabreyta
- Greining á tölulegum gögnum
- Niðurstöður – líkleg áhrif tillögunnar á mismunandi hópa fólks

Stuðlar tillagan að auknu jafnrétti og réttindum jaðarsettra hópa?
Ef ekki, hverju þarf að breyta?



Hvað þarf að hafa í huga?

- Hvernig er lýðfræðileg samsetning þeirra sem njóta góðs af tillögnum?
 - t.d. starfsfólk, notendur þjónustu, aðstandendur, jaðarsettir hópar
- Hefur tillagan áhrif á einhverja af þessum hópum? Hvernig áhrif?
- Hefur tillagan áhrif á ólaunaða vinnu innan heimilanna?
 - t.d. ef dregið er úr umönnunarþjónustu þá hverfur ekki umönnunarpörfin heldur flyst hún í flestum tilvikum á herðar aðstandenda, oftast kvenna
- Hvaða fjármagn er veitt í verkefnið? Hvernig nýtist það?
- Eru einhverjir hópar útilokaðir frá þátttöku eða þjónustunni?
 - Eru einhverjar hindranir, sýnilegar eða ósýnilegar



Hvað þarf að hafa í huga?

- Notumst við þær kyngreindu tölfræðiupplýsingar sem eru til og fyrirbyggjandi gögn, eins og t.d. skýrslur, greining þjónustupátta, fræðileg þekking o.s.frv.
- Mikilvægt að hafa í huga að jafnréttismati er ekki ætlað að vera eingöngu hausatalning
 - Þurfum að setja hlutina í víðara samfélagslegt samhengi
 - Samfélagsleg viðmið, staðalmyndir um hlutverk kynjanna, valdatengsl og forréttindi
 - Hver er staða kynjanna/jaðarsettra hópa í samfélaginu?
 - Hver eru áætluð áhrif ákvörðunarinnar á stöðu kynjanna/jaðarsettra hópa?



Spyrjum spurninga...

- Hvernig mun tillagan mæta ólíkum þörfum fólks?
- Hvernig mun starfsemin vinna gegn kynímyndum og fordómum í garð ólíkra hópa?
- Getur tillagan skapað nýjar hindranir eða dregið úr hindrunum á vegi jafnréttis?
- Ef að einhver hagnast af tillögunni umfram annan er hægt að réttlæta það?
- Ýtir stefnan eða breyting á þjónustu undir eða dregur úr ógreiddum stundum við umönnun?
 - Skoða þarf m.a. áhrif á fjárhagslega stöðu eða aðgengi að þjónustu.
- Hvernig verður starfsemin skipulögð þannig að allir hafi aðgengi að henni?
- Hvernig mun breytingin draga úr aðgreiningu kynjanna og ólíkra hópa?
- Hvernig er kynjasamsetning þeirra sem nýta þjónustu tengda tillögunni?
- Skarast mismunur á grundvelli ólíkra þátta, t.d. kyns og fötlunar?



Kyngreind gögn

- Tölfræði greind eftir bakgrunnsbreytunni kyn
 - Enn betra ef við getum greint líka niður á aðra bakgrunnsþætti eins og aldur, uppruna eða tekjutíund.
- Ekki sérstök gagnaöflun eða viðbót við almenn tölfræðigögn
- Skilvirk notkun kyngreindra gagna eykur gagnsæi og hagkvæmni
- Forsenda þess að vinna kynjaða fjárhagsáætlun og taka upplýstar ákvarðanir

“Í opinberri hagskýrslugerð um einstaklinga og í viðtals- og skoðanakönnunum skal greint á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu upplýsinga nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því.

Þá skulu opinberir aðilar leitast við að greina á milli kynja við alla tölfræðivinnslu nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því.”

29. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna (nr. 150/2020)



Hvar finn ég gögn?

- Kynlegar tölur ([hér](#))
- Reykjavík í tölum ([hér](#))
- Mælaborð borgarbúa ([hér](#))
- Velstat ([hér](#))
- Borgarvefsjá og Borgarsjá
- Hagstofan
- Gögn sem sviðið sjálft eða stofnanir þess safnar



Kynja- og jafnréttissjónarmið



Þekkt kynjamynstur í samfélaginu



Umönnunarhagkerfið

- Ólaunuð heimilis- og umönnunarstörf
- Konur sjá um þessa ólaunuðu vinnu í meira mæli en karlar
- Konur líklegri en karlar til að draga úr launaðri vinnu til að sinna fjölskylduábyrgð og rekstri heimilis
 - Atvinnuþátttaka kvenna minni en karla, þær eru líklegri til að vera í hlutastarfi og þær taka lengri tíma frá vinnu vegna fæðingarorlofs
- Opinber þjónusta hefur áhrif á magn þessarar ólaunuðu vinnu
 - Þegar hið opinbera uppfyllir ekki þörf fyrir umönnun þá hverfur ekki umönnunarþörfin heldur færist eitthvert annað – oftast á aðstandendur og þá fremur á herðar kvenna



Dæmi um jafnréttismarkmið borgarinnar

- Að íbúum borgarinnar sé ekki mismunað á grundvelli uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs- og stjórnmálaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarar stöðu
- Að þjónusta borgarinnar taki mið af margbreytileika samfélagsins
- Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs
- Brjóta upp staðalmyndir í íþróttum
- Vinna gegn kynbundnu ofbeldi
- Veita öldruðum þjónustu sem er sniðin að þeirra þörfum
- Tryggja þjónustu við fatlað fólk
- Tryggja aðgengi fatlaðs fólks
- Hinseginvæn borg
- Tryggja aðgengi innflytjenda að þjónustu borgarinnar
- [Sjá nánar í aðgerðaáætlun í mannréttinda- og lýðræðismálum – hér](#)



Hvað vitum við um stöðu jafnréttismála í borginni?

- Konur eru meirihluti starfsfólks Reykjavíkurborgar (74%)
- Um þriðjungur kvenna á vinnumarkaði er í hlutastarfi, en aðeins um 13% karla
 - Konur líklegri til að segja að ástæða hlutastarfa sé vegna fjölskylduábyrgðar
- Um helmingur þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg eru einstæðir karlmenn
- Konur eru 67% þjónustuþega heimahjúkrunar og heimaþjónustu
- Karlar eru tvöfalt líklegri til að hjóla í Reykjavík heldur en konur
- Íþróttaiðkun karla í íþróttum innan ÍBR er meiri en kvenna
- Gerendur oftastar KK og þolendur KVK í útköllum vegna heimilisofbeldis



Dæmi um leiðir til að vinna í átt að jafnrétti

- Draga úr ólaunuðum heimilis- og umönnunarstörfum kvenna
 - Umönnunarþjónusta sem mætir þörfum skjólstæðinga
 - Karlar taki jafnan þátt á við konur
- Styrkja stöðu kvenna á vinnumarkaði
 - Draga úr þörf til að vera í hlutastarfi/fæðingarorlofi til að sinna börnum
 - Jafnari skipting fæðingarorlofs
 - Leikskólaþjónusta mæti þörfum foreldra
 - Styttri vinnuvika
- Vinna gegn staðalmyndum um hlutverk og hegðun kynjanna
 - Kynjafræði kennd á öllum skólastigum
- Styrkja stöðu jaðarsettra hópa í samfélaginu og á vinnumarkaði
 - Vinna gegn fordómum og staðalmyndum
 - Aukinn sveigjanleiki
 - Aðgengismál í lagi
 - Íslenskukennsla
 - Menntun metin að verðleikum



Að lokum



Hvert get ég leitað eftir stuðningi/aðstoð?

- Starfshópur KFS á þínu sviði
 - Verkefnastýra KFS
 - Sérfræðingar á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu
-
- Verkefnastýra KFS tekur einnig að sér fræðslu fyrir sviðin, beiðnir um fræðslu berist á sigrídur.finnbogadottir@reykjavik.is



Aðrar leiðbeiningar og stuðningsefni

- Reykjavíkurborg - Handbók um KFS ([hér](#), bls 25+)
- Reykjavíkurborg – Leiðbeiningar við gerð jafnréttismats ([hér](#))
- Reykjavíkurborg – Greiningarverkefni ([hér](#))
- Jafnréttisstofa - Handbók um kynjasambættingu ([hér](#))
- Jafnréttisstofa – Jafnréttismat ([hér](#))
- Stjórnarráðið – Kynjasambætting, verkfærakista ([hér](#))
- Reykjavíkurborg – Kynlegar tölur ([hér](#))

Alltaf velkomið af hafa samband við verkefnastýru KFS varðandi ráðgjöf



Gangi ykkur vel!



Viðauki 4. Sniðmát fyrir jafnréttismat

REYKJAVÍKURBORG
[MÁNUÐUR/ÁRTAL]

[Nafn tillögu/titill]

Jafnréttismat



[Nafn sviðs]

Efnisyfirlit

Samantekt	49
Inngangur	50
Kortlagning	51
Greining	52
Niðurstaða	53
Annað	54
Heimildir	55

Samantekt

Helstu niðurstöður sem jafnréttismatið leiddi í ljós [...]

Inngangur

Lýsing á því hvernig það kemur til að verið er að jafnréttimeta tillöguna/verkefnið

Var búið að framkvæmda jafnréttisskimun á tillögunni/verkefninu? Hvað leiddi skimunin í ljós?

Lýsing á tillögunni og framkvæmd jafnréttismats

Hver er tillagan: [...]

Hvað er markmiðið með tillögunni: [...]

Nafn fagsviðs/skrifstofu: [...]

Nafn ábyrgðaraðila: [...]

Hver framkvæma jafnréttismatið: [...]

Dagsetning skila: [...]

Kostnaðarmat á tillögunni, upphæð: [...]

Kortlagning

Hvaða gögnum er safnað/eru til? [...]

Var farið í sérstaka gagnaöflun fyrir þessa greiningu? [...]

Greining gagna, hvað segja gögnin? [...]

Greining

Stutt úttekt á fyrirbyggjandi þekkingu um stöðu ólíkra hópa sem snerta starfsemina/þjónustuþáttinn/tillöguna/verkefnið [...]

Greining gagna, hvað segja gögnin? [...]

Hver eru áhrif tillögunnar á fólk eftir kyni og áhrif á jaðarsetta hópa? [...]

Hafið í huga eftirfarandi spurningar:

- Hvernig er samsetning starfsfólks?
- Hvernig er samsetning þeirra sem nýta þjónustuna?
- Hvaða jaðarsettu hópar nýta þjónustuna?
- Hver er kynjasamsetningin á þeim jaðarsettu hópum?
- Skarast mismunur á grundvelli ólíkra þátta, t.d. kyns og fötlunar?
- Eru einhverjir hópar útilokaðir frá þátttöku/ þjónustu?
- Hefur tillagan áhrif á ólaunuð heimilis- og umönnunarstörf?

Niðurstaða

Hver er niðurstaða greiningarinnar?

Hver eru líkleg áhrif tillögunnar á mismunandi hópa fólks?

Stuðlar tillagan að auknu jafnrétti? [...]

Getum velt fyrir okkur hvort tillagan ...

- Stuði að efnahagslegu jafnræði ólíkra samfélagshópa
- Stuðli að jafnri þátttöku og jöfnun áhrifum í samfélaginu
- Stuðli að jafnri félagslegri virkni og sjálfstæði
- Stuðli að jafnri skiptingu umönnunar- og heimilisstarfa
- Vinni gegn kynbundnu ofbeldi eða ofbeldi gegn jaðarsettum hópum
- Stuðli að jöfnum tækifærum til góðrar heilsu
- Stuðli að jöfnum tækifærum til menntunar
- Vinni gegn staðalmyndum


Ef tillagan er ekki talin stuðla að jafnrétti, t.d. ef hún getur aukið á ójafna stöðu eða viðhaldið núverandi stöðu þá þarf að færa rök fyrir því af hverju tillagan ætti engu að síður að koma til framkvæmdar.

Annað

Hverju öðru hefur hópurinn komist að sem þykir vert að nefna hér

Heimildir

Viðauki 5. Ferill jafnréttisskimunar og jafnréttismats



Tillaga stýrihóps

Stýrihópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun leggur til að stofnaður verði starfshópur með það hlutverk að yfirfara og endurskipuleggja verklag og framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats. Starfstímabil hópsins er þrír mánuðir.

Greinargerð:

Framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats er hluti af verklagi við kynjaða fjárhags- og starfsáætlunargerð (KFS) sem Reykjavíkurborg hóf innleiðingu á árið 2011. KFS tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.

Skv. reglum um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg (FMS-STE-001) sem samþykktar voru í borgarstjórn 1. desember 2015 skal fjárhagsáætlun byggja á aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar en einnig að ef nauðsynlegt þykir að gera breytingu á samþykktri áætlun (viðauka) þá skal slíkum viðauka fylgja jafnréttismat. Verklag við framkvæmd jafnréttismats innan borgarkerfisins og samkvæmt markmiðum um KFS hefur því verið í stöðugri þróun síðan árið 2015. Markmiðið er að tryggja að kynja- og jafnréttissjónarmið séu höfð til hliðsjónar við skipulag allra verkefna, alltaf, og strax í upphafi hvers verkefnis, í samræmi við aðferðafræði kynjasambættingar. Um mitt ár 2018 var gefið út eyðublað vegna *jafnréttisskimunar* en markmið með jafnréttisskimun er að taka saman með einföldum hætti áhrif tiltekinna tillögu á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa. Fá í tillagan á framhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif. Þá þótti of þýngjandi fyrir starfsfólk borgarinnar að vinna jafnréttismat á öllum tillögum og verkefnum en jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt rétti ndi þeirra. Því var ákveðið að fara þessi tvískiptu leið þar sem öll verkefni eða tillögur hljóti jafnréttisskimun en einungis þau sem talin eru hafa jafnréttisáhrif hljóti jafnréttismat.

Greini leggt er að til þess að skýra og skerpa á því verklagi sem fylgir gerð jafnréttisskimana- og jafnréttismats þarf samstarf þvert á borgarkerfið til þess að rýna verklagið og hlutverkaskiptingu með markmið verkefnisins til hliðsjónar. Í gildi eru ýmsar verklagsreglur sem kveða á um gerð jafnréttisskimana og jafnréttismats við vinnslu m.a. fjárfestingaráætlunar, skuldbindingar og áhættur vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar og viðauka við fjárhagsáætlun. Rýna þarf þetta verklag heildstætt til þess að verkefnið nái til skildum markmiðum um að samþætta fjármála- og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar til þess að stuðla að auknu jafnrétti og betri nýtingu fjármuna.

ERINDISBRÉF

Starfshópur um framtíðar skipulag og framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats

Ábyrgðarmaður:

Líf Magneudóttir, formaður stýrihóps um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að yfirfara og endurskipuleggja verklag og framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats.

Helstu verkefni:

Verkefni hópsins eru m.a. að:

- Greina/rýna verklag við framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats.
- Skýra hlutverk jafnréttisskimana og jafnréttismats fyrir gerð fjárhagsáætlunar.
- Útfæra tillögur að framtíðarskipulagi og ábyrgð við framkvæmd jafnréttisskimana og jafnréttismats.
- Gera tillögur að fyrirkomulagi að samræmdri miðlægri hýsingu gagna og skjala tengdum KFS
- Yfirfara og gera breytingar er við á, á sniðmáti og leiðbeiningum um framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats.

Starfshópurinn skipa:

- Verkefnastýra kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar á mannrétti nda- og lýðræðisskrifstofu sem leiðir starf hópsins.
- Fulltrúi skrifstofu borgarstjórnar.
- Fulltrúi gagnþjónustu þjónustu- og nýsköpunarsviðs
- Fulltrúi áætlana- og uppgjörsskrifstofu á fjármála- og áhættustýringarsviði
- Tveir fulltrúar af tveimur fagsviðum borgarinnar með reynslu af því að vinna jafnréttisskimanir.

Ráðgjöf/samstarf:

Stýri hópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun, starfshópar fag- og kjarnasviða um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun og aðrir eftir atvikum.

Til hliðsjónar:

Hópurinn skal hafa til hliðsjónar við starfs sitt eftirfarandi verklagsreglur, eyðublöð og leiðbeiningar sem eru í gildi og tengjast vinnslu jafnréttisskimunar og jafnréttismats.

- FMS-STE-001 Reglur um gerð fjárhagsáætlunar
- FMS-VLR-048 Fjárfestingaáætlun
- FMS-VLR-018 Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar
- FMS-LBE-156 Leiðbeiningar um gerð jafnréttismats
- FÁST-EBL-029 Jafnréttisskimun
- Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar
- Fjármálastefna Reykjavíkurborgar
- Annað eftir atvikum.

Starfstími hópsins:

Hópurinn skal kynna niðurstöður og tillögur sínar á fundi stýrihóps kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar þann 21. maí 2021.

Vegna skýrslu starfshóps um framtíðar skipulag og framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats.

Þann 23.júní 2021 var sviðsstjórum Reykjavíkurborgar send skýrslan og gefinn kostur á að rýna hana og koma með athugasemdir. Frestur til að skila inn umsögn var til 6.ágúst. Þrjú svið skiluðu inn athugasemdum í tölvupósti til verkefnastýru kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.

Neðangreint eru þær umsagnir sem bárust og eðlilegt er að stýrihópur KFS taki til skoðunar.

Umsögn/athugasemdir þjónustu- og nýsköpunarsviðs:

Þjónustu- og nýsköpunarsvið þakkar vel unna skýrslu og þeim skýru tillögum sem þar koma fram. Við gerum aðeins tvær athugasemdir:

Fyrri athugasemdin varðar töfluna á bls. 6. Samkvæmt henni skilaði PON á árinu 2020 jafnréttisskimun með aðeins 6% af öllum nýjum tillögum. Það stenst ekki skoðun þar sem PON skilaði jafnréttisskimunum með öllum tillögum sem lagðar voru fram á árinu bæði Covid tillögum, samþykktum tillögum tengdum skuldbindingum og áhættum sem og öllum tillögum sem lagðar voru fram með fjárfestingaáætlun. Við fengum hrós frá Freyju verkefnisstýru KFS sérstaklega vegna þessa. Þessi prósentutala ætti því að vera mikilu nær 100% en 6%. [Verkefnastýra KFS hefur svarað þessari athugasemd]

Seinni athugasemdin varðar tillögu 1. *Rafvæðing jafnréttisskimunar* á bls. 10. Undir tillögu 1a er búið að útfæra ferlið sem verkefnið á að fara í innan þjónustu- og nýsköpunarsviðs sem og niðurstöðu þess ferlis þ.e. ákvarða vöruna sjálfa og formið á henni. Þjónustu- og nýsköpunarsvið hefur nú innleitt samræmt verklag fyrir öll stafræn umbreytingaverkefni sem sviðinu er falið að vinna. Réttar væri því að tilgreina að nýskipaður stafrænn leiðtogi miðlægrar stjórnsýslu verði milliliður milli verkefnastjóra KFS/skrifstofustjóra mannréttindaskrifstofu og PON um verkefnið. Verkefnið fari í gegnum skilgreint þróunar- og framleiðsluferli sviðsins með þátttöku eigenda verkefnisins og annara skilgreindra hagaðila svo kalla megi fram bestu mögulegu lausnina til útgáfu.

Karen María Jónsdóttir, skrifstofustjóri

Umsögn/athugasemdir Skóla- og frístundasviðs:

Við höfum rýnt „Skýrslu um framtíðarskipulag og framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats“. Teljum við þær 8 tillögur sem þar eru lagðar fram skerpa ágætlega á verklagsreglum jafnréttisskimunar og jafnréttismats. Við fögnum rafvæðingu skimunarinnar og að eftirlit, endurgjöf, ábyrgð og verkaskipting verði til bóta. Þá fögnum við aukinni fræðslu til kjarnasviða um framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats. Þar hefur skort þekkingu í jafnréttismálum – eins og fram kemur í skýrslunni. Við gerum ekki athugasemdir við tillögurnar eða skýrsluna í heild.

Kristján Gunnarsson, fjármálastjóri

og Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnisstjóri

Umsögn/athugasemdir Umhverfis- og skipulagssviðs:

Getur þú sent mér gögnin sem liggja á bakvið töfluna á bls 7 um viðauka 2018-2020 sem voru skimaðir? Hefði viljað fá að rýna þessi gögn. [Verkefnastýra hefur svarað þessari spurningu]

Varðandi jafnréttismöt á tímabilinu 2018-2020 skiluðum við jafnréttismati yfir Sumarborgina 2020. [Verkefnastýra hefur svarað þessari athugasemd]

Varðandi athugasemd þína á bls 11, tel ég að það ætti að hækka viðmiðunina upp í 5 mkr í stað þess að lækka hana niður í 1 mkr. Tel að það séu mjög fáir viðauka sem eru undir 1 mkr og að ekki sé ástæða til að skima lágar upphæðir undir 5 mkr. Hvað eru t.d margir viðaukar undir 5 mkr 2018-2020, getum skoðað það ef þú sendir mér upplýsingarnar vegna töflu á bls. 7.

Hreinn Ólafsson, fjármálastjóri